

MINNISBLAÐ

um þróunar- og samstarfsverkefnið *Stöðumat og íhlutun vegna nemenda af erlendum uppruna*

Skólaþjónustur Árborgar, Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar hafa átt í samstarfi um þróunarverkefni sem gengur m.a. út á það að styrkja nám, líðan og félagslega stöðu nemenda af erlendum uppruna í skólum. Nú hefur verið sótt um styrk í þróunarsjóð innflytjendamála en góður styrkur úr þeim sjóði myndi auðvelda allan framgang þessa mikilvæga verkefnis.

Skipan undirbúnings- og faghóps

Aneta Figlarska, asf@arborg.is
Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, fanney@hafnarfjordur.is
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, halldora.f.thorvaldsdottir@reykjanesbaer.is
Helgi Arnarson, helgi.arnarson@reykjanesbaer.is
Hrund Harðardóttir, hrundh@arborg.is
Kolfinna Njálisdóttir, kolfinna.njalsdottir@reykjanesbaer.is
Kristrún Sigurjónsdóttir, kiddy@hafnarfjordur.is
Þorsteinn Hjartarson, thorsteinnhj@arborg.is
Þórdís Helga Ólafsdóttir, thordishelga@hafnarfjordur.is

Samstarfsaðilar og lýsing á verkefninu

Skólaþjónusturnar þrjár í Árborg, Hafnarfirði og Reykjanesbæ. Stefnt er að gerð samstarfs-samnings við Menntamálastofnun. Einnig er stefnt að samstarfi við Malmö, HÍ, HA, Samband ísl. sveitarfélaga o.fl.

Meginmarkmið:

- Þróa heildstætt mat og íhlutun í leikskóla og grunnskóla þar sem hugmyndafræði lærdóms-samfélagsins verður höfð að leiðarljósi í allri vinnu milli skólastiga. Nemandinn er miðpunktur aðgerðanna.
- Faglegt samstarf þriggja fræðsluviða í þremur sveitafélögum, Árborg, Hafnarfirði og Reykjanesbæ og skólum þeirra.
- Verkefnið verður með þremur áhersluþáttum sem munu taka mið af því hvernig styrkja eigi nám nemenda með íslensku sem annað tungumál á heildrænan og markvissan hátt.

Áhersluþættir

1. Fjölmennningarlegt skólastarf – Hvað er fjölmennningarlegur skóli?
2. Stöðumat – þar sem lagt er mat á stöðu nemandans í námi, bæði styrkleikar og veikleikar eru kortlagðir.
3. Íhlutun - Leiðbeiningar fyrir kennara með hugmyndum og leiðum sem hægt er að nýta í kennslu í framhaldi af stöðumatinu.

Gildi verkefnisins

- Verkefnið miðar að því að efla styrkleika og námshæfni nemenda af erlendum uppruna.
- Verkefnið miðar einnig að því að bregðast fyrir við námsþörfum nemandans í anda snemmtæks mats og íhlutunar.

- Með þessu verkefni eru þróuð matstæki sem auðvelda kennurum að framkvæma raunmat á almennri stöðu nemandans er varðar nám og margt fleira.
- Ef vel tekst til minnkar brottfall nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskólum.

Framkvæmd verkefnisins

- Ganga frá samstarfssamningi við Menntamálastofnun. Þeir hafa þegar sýnt áhuga á samstarfinu og geta aflað tilskilinna leyfa vegna notkunar á sænskum matstækjum sem hafa verið þróuð þar í landi og víðar í Evrópu.
- Þýðing og staðfæring á stöðumatstækjum.
- Útgáfa og kynning fyrir skóla og skólaþjónustur sveitarfélaga.
- Stefnt er að því að allir kennarar og nemendur af erlendum uppruna á Íslandi geti nýtt stöðumatið sér að kostnaðarlausu.

Mat á verkefninu

Framfarir nemenda af erlendum uppruna eru metnar:

- á samræmdum könnunarprófum
- með lesferli Menntamálastofnunar
- öðru námsmati í skólum
- með mælingum á líðan og viðhorfum til náms með Skólapúlsinum o.fl.
- með skoðun á lykiltölum vegna fjölda þjónustubeiðna til skólaþjónustu sveitafélaga
- með viðhorfskönnunum til kennara

Kynning á verkefninu

- Allir skólar á landinu fá kynningarefni þegar verkefnið er tilbúið
- Skrif í fjölmiðla og ýmis fag tímarit
- Fræðslufundir
- Þátttaka í ráðstefnum, svo sem Menntakviku og haustþingum kennara

Hafnarfirði, 25. janúar 2018

Kolfinna Njálsdóttir,
deildarstjóri skólaþjónustu Reykjanesbæjar

Þorsteinn Hjartarson,
fræðslustjóri í Sveitarfélaginu Árborg

Þórdís Helga Ólafsdóttir
sérkennslufulltrúi hjá fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar